

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 288 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

6. gr. hljóðar svo:

Föstum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt hvar sem er að rannsaka fuglalíf, taka myndir og merkja fugla, en að skjóta fugla og taka egg þeirra aðeins í samráði við og með samþykki hlutaðeigandi landráðanda og í óbyggðum aðeins með leyfi ráðherra.

9. gr. hljóðar svo:

1. Frá og með 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot hönnuð nær friðlýstum varpstöðvum nytjafugla en 3 km, nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna útrýmingar ófriðaðra ránfugla. Á sama tímabili má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en $\frac{1}{4}$ km frá stórstraumsfjörumáli.

2. Bæjarfógetar og sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi.

10. gr. hljóðar svo:

1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru undir b- og e-liðum 2. málsg. 8. gr., hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugla í fuglabjörgum.

2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talin æðarvörp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó eigi til skeiðandar, álftar og gæsa, hverrar tegundar sem eru. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

3. Í Vestmannaeyjum skal svartfugl, þ. e. langvísa, stuttnefja, álka og lundi, vera algerlega friðaður fyrir öðrum veiðitækjum en háf, enda skulu öll skot bönn-

uð þar frá 15. apríl til 1. sept. nema til aflífunar búpenings eða gegn ófriðuðum ránfuglum í nytjuðum fuglabjörgum.

4. Í kríuvörpum skal heimilt að taka kríuegg, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp eða annað egg af tveimur.

13. gr. hljóðar svo:

Sýslunefndum og bæjarstjórnnum veitist heimild til, hverri sér eða fleirum saman, að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

14. gr. hljóðar svo:

1. Þegar sýslunefnd (eða sýslunefndir og bæjarstjórnir) hefur gert frumvarp til samþykktar samkvæmt 13. gr., skal oddviti sýslunefndar (eða oddvitar sýslunefnda og bæjarstjórna) kveðja til samþykktarfundar. Sé ein sýslunefnd aðili að samþykktinni, stjórnar oddviti hennar fundinum, en sé um fleiri að ræða, þá sá maður, er til þess er kosinn af öllum aðilum. Sé samþykktinni ætlað að ná til eins hrepps eða eins bæjarfélags, skal boða á fundinn alla eigendur og umráðamenn landa og lóða á svæðinu. En sé samþykktinni ætlað að ná til stærra svæðis, skal boða á fundinn hreppsnefndarmenn og bæjarfulltrúa á samþykktarsvæðinu. Atkvæðisréttur á samþykktarfundi er bundinn við þá, sem boðaðir eru á fundinn, og er fundurinn því aðeins lögmætur, að meira en helmingur þeirra sé á fundi.

2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er sýslunefnd (eða sýslunefndir) hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðherra til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) fellst á þær. En ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðherra til staðfestingar, og virðist ráðherra hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir ráðherra samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað.

19. gr. hljóðar svo:

Eigi má nota flugvélar, bifreiðar, vélbáta né önnur vélknúin farartæki á landi eða vötnum til fuglaveiða eða til að elta uppi fugla eða reka. Til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga meira en 9 sjómílar á klukkustund.

20. gr. hljóðar svo:

1. Eigi má nota net til fuglaveiða nema háfa.

2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.

21. gr. hljóðar svo:

Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), svartfuglasnöru, stingi eða króka (gogga), öngla, hoga, gildirur, blýs eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar. Þó má með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt heimila að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum.